

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

209. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **3. maí 2012 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Skipulagsmál.
2. Erindi Skeljungs.
3. Erindi frá byggðaráði.
4. Erindi Sláturhúss KVH ehf.

Tekið á dagskrá :

5. Erindi Selaseturs Íslands.
6. Erindi frá sveitarstjóra.
7. Erindi starfshóps um endurskoðun samþykkt á Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

- 1a. Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 vegna nýrrar þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði. Skipulags- og umhverfisráð mælir með að tillaga unnin af Yngva Þór Loftssyni og Margréti Ólafsdóttur hjá Landmótun dags. 23.3.2012 verði auglýst og kynnt sbr. 31. gr. í skipulagslögum nr.123/2010.
- 1b. Kynnt tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustulóð í landi Melstaðar frá KRADS dags. 03.04.2012. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við tillögu að breyttu aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014. Ráðið mælir með að tillagan verði auglýst samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi.
2. Ingunn Agnes Kro kt.270382-3989 f.h. Skeljungs hf. kt.590269-1749 sækir um stofnun þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði, meðfylgjandi er umboð Kirkjumálasjóðs til handa Ingunni. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið. Nýtt Landnúmer lóðar er 220900.
3. Á fundi sínum þann 16. apríl sl. samþykkti byggðaráð að vísa bréfi Umhverfisráðuneytisins til skoðunar skipulags- og umhverfisráðs. Í bréfinu er fjallað um flokkun vega utan vegakerfis Vegagerðarinnar. Skipulags- og umhverfisráð fellst á að skilgreining á slóða nr. 3 verði til viðhalds.
4. Fyrirspurn frá Magnúsi Frey Jónssyni f.h. Sláturhúss KVH, varðandi mögulega breytingu á efri hæð húsnæðisins að Hafnarbraut 5. Breytingin fælist í að útbúa 5 herbergi með gístiaðstöðu fyrir 8-10 manns, sbr. meðfylgjandi teikningu. Umsögn ráðsins er eftirfarandi: Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum, sbr. grein 4.8 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, ef heimila á breytta nýtingu þarf undanþágu

skipulagsstofnunar og skilyrða nýtingu húsnæðisins, einnig þarf framkvæmdin að uppfylla öll viðeigandi lög og reglugerðir.

Tekið á dagskrá:

5. Vignir Skúlason f.h. Selaseturs Íslands, sækir um að setja upp 4 skilti við Hvammstangabraut. Ráðið mælir með að skiltin verði af staðlaðri stærð (E) þjónustumerki. Uppsetning verði í samráði við forstöðumann tæknideildar.
6. Guðrún Ragnarsdóttir f.h. sveitarstjóra Húnaþings vestra, sækir um uppsetningu á bæjar- og upplýsingaskiltum við vegamót inn á Vatnsnes frá Þjóðvegi 1. Ráðið samþykkir erindið.
7. Erindi starfshóps um endurskoðun samþykta í Húnaþingi vestra, erindi frestað á síðasta fundi.
Ráðið leggur til að bætt verði við auglýsingu um umferð í Húnaþingi vestra eftirfarandi:
IV. Borðeyri við Hrutafjörð:
Umferð um Borðeyrarveg víki fyrir umferð á Þjóðvegi (Strandavegi) en njóti forgangs gagnvart aðliggjandi götum, Hámarkshraði umferðar á Borðeyri er 30km/klst.

Erla Björg vék af fundi kl. 19:30

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Guðjón Þórarinn Loftsson (sign.),
Vígundur Gunnþórsson (sign.),
Anna María Elíasdóttir (sign.),
Unnsteinn Andrésson (sign.),
Erla Björg Kristindóttir (sign.),
Ólafur H.Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar (sign.),
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign.),
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi (sign.).